

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um 107
hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir- 6. ágúst
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. ágúst 1954.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

108

7. ágúst

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 230 3. nóv. 1950.

1. gr.

41. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skipagjöld samkvæmt þessari reglugerð skulu tryggð með lögveði í við-
komandi skipi, og gengur það í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breytingu á þeim
lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1954.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins L. Árna- 109
sonar, Álafossi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. ágúst
16. ágúst 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveins L. Árnasonar, Álafossi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Klæðaverksmiðjunni Álafoss h.f. að upp-
hæð kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — og nefnist minningarsjóður Sveins L.
Árnasonar, Álafossi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00, sem um getur í 1. gr., ásamt vöxtum og öðru,
sem honum kann að áskotnast á annan hátt.